

**Kennari:**  
Ásdía Guttormsdóttir  
María Erian Guðmundsdóttir

**Kennslufyrirkomulag:**  
Verkleg kennsla inn í bekk

**Tímafjöldi:**  
6 kennslustundir

**Bekkur:**  
5. og 6. bekkur

### Vinátta- og félagsfærnismiðja

Í þessari smiðju er unnið markvisst að efla vinátta- og félagsfærni með því að fara í ýmsa leiki, samvinnuleiki, fræðslu, hópavinnu sem ýtir undir sköpunarhæfni nemenda. Unnið er með styrkleika hvers og eins og að þau þekki sína eigin styrkleika ásamt annarra.

Markmið þessara smiðju felst meðal annars í því að þroska sjálfsvitund og samskiptahæfni nemenda og getu til að nýta sér styrkleika sína til áframhaldandi náms. Hæfni til tjáningar, gagnrýnnar hugsunar, hæfni til samstarfs við aðra, sjálfsþekkingar, ábyrgðar og sjálfstæðis, frumkvæðis og skapandi hugsunar eru meðal þeirra þátta sem leggja grunn að heildstæðri almennri menntun alla ævi.

### Vinátta- og félagsfærnismiðja

Námsþættir:	Námsefni:	Hæfniviðmið: <i>Að nemandi geti:</i>	Leiðir:
<ul style="list-style-type: none"><li>- Samskipti</li><li>- Félagfærni</li><li>- Vinátta</li></ul>	Elementals Monsters Inc. KVAN – valið efni Efni af netinu sem tengist fræðslu um vinátta og félagsfærni Hópefli Samvinnuleikir Spil	<b>Tjáning og miðlun</b> Getur tekið þátt í samræðum og rökræðum samkvæmt reglum. Getur hlustað af athygli. Getur átt góð samskipti, hlustað, gætt tungu sinnar og sýnt viðeigandi kurteisi. <b>Sjálfstæði og samvinna</b> Gerir sér grein fyrir styrkleikum sínum og veikleikum. Þekkir hugtakið sjálfsmýnd og mikilvægi hennar. Getur unnið með öðrum. Getur tekið þátt í að útfæra leiðir að sameiginlegum markmiðum.	Hópavinna Einstaklingsvinna Sýnikennsla Leiðsögn

		<p>Getur tekið leiðsögn og uppbyggilegri gagnrýni á jákvæðan hátt.</p> <p><b>Lífsleikni</b></p> <p>Getur metið og brugðist við ólíkum skoðunum.</p> <p>Getur tekið þátt í lýðræðislegu samstarfi og samræðu.</p> <p>Getur sýnt sanngirni, sjálfstraust og virðingu í samskiptum.</p> <p>Getur sýnt öðrum tillitssemi og umhyggju.</p> <p>Getur gert grein fyrir mun á jákvæðum og neikvæðum leiðtogum.</p> <p>Getur greint einkenni góðrar vináttu.</p> <p><b>Námshæfni</b></p> <p>Getur tekið þátt í hóp- og tvenndarvinnu, hlustað á og tekið tillit til þess sem aðrir hafa að segja.</p>	
<b>Námsmat:</b>	Námsframvinda og hæfni nemenda metin í lok hvers smiðjuhóps.		

## Námsmat

Námsmat Stapaskóla fer fram með leiðsagnar- og símati. Lögð er áhersla á að nemendur séu sífellt að bæta við sig þekkingu og leikni og öðlist þannig ákveðna færni. Tekið er mið af Aðalnámsskrá grunnskóla í öllum greinum. Fyrir lokið verkefni er ekki gefin einkunn heldur er lagt mat á hæfni nemandans og gefið fyrir stöðuna í þeim hæfniviðmiðum sem liggja til grundvallar verkefninu.

Til þess að meta hvert hæfniviðmið fyrir sig er notast við hæfnitákn sem má sjá hér til hliðar.

- **Framúrskarandi:** ef nemandi hefur náð hæfniviðmiði og sýnt getu *umfram* þá hæfni sem viðmiðið setur
- **Hæfni náð:** ef nemandi hefur náð hæfniviðmiði
- **Á góðri leið:** ef nemandi er nálægt því að ná hæfniviðmiði en enn vantar þó aðeins upp á
- **Þarfnast þjálfunar:** ef nemandi þarfnast frekari þjálfunar til að ná hæfniviðmiði
- **Lokið:** nemandi hefur lokið við verkefni
- **Ólokið:** nemandi hefur ekki lokið við né skilað verkefni
- **Undanþága:** nemandi hefur undanþágu frá verkefni af einhverjum ástæðum

	Framúrskarandi
	Hæfni náð
	Á góðri leið
	Þarfnast þjálfunar
	Lokið
	Ólokið
	Undanþága